



Gunnarshúsi 25. apríl 2012

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Frá Stjórn Rithöfundasambands Íslands (RSÍ)

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um aðgang almennings að hljóðupptökum Blindrabókasafns Íslands, 389. mál

Höfundaréttur er eignaréttur varin af 72. grein stjórnarskrárinnar. Í öðrum kafla höfundalaga eru þó gerðar nokkrar takmarkanir en slíkar takmarkanir ber að túlka þröngt.

Rithöfundasamband Íslands leggur áherslu á að 19. grein höfundalaga nr. 73 frá 1972 með áorðnum breytingum fellur undir kafla II. **Takmarkanir á höfundarétti.** Þar segir m.a. “... Heimilt er með hljóðupptöku að gera eintök af bókmenntaverkum til þess að lána þau blindum, sjónskertum, lestrarhömluðum og öðrum sem ófærir eru um að nýta sér venjulegt prentað mál til lestrar, enda séu eintökin ekki gerð í fjárhagslegum tilgangi. Höfundar eiga rétt á sanngjörnum bótum vegna slíkrar eintakagerðar.

Rithöfundasamband Íslands telur að ekki sé hægt að opna aðgengi að verkum sem framleidd eru skv. 19.grein þar sem heimildin gildir ekki um dreifingu til almennings.

Til að slíkt væri hægt þyrfti að gera afturvirkar lagabreytingar og semja við þá höfunda sem ekkert höfðu um innlesturinn að segja þegar verk þeirra voru lesin inn hjá Blindrabókasafninu.

f.h. stjórnar Rithöfundasambands Íslands
Ragnheiður Tryggvadóttir framkvæmdastjóri